

Ed.

883. Nefndarálit

[332. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82/1969.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Undirritaður getur af eðlilegum ástæðum ekki stutt frv. þetta. Megintilgangur þess er að dómi undirritaðs sá að bæta enn við þá ofneyslu vímuefna sem alls staðar blasir við þó hann efi ekki að önnur muni ætlan flutningsmanna. Í þessu efni ber fyrst og fremst að taka tillit til álits þeirra sem af ýmsum ástæðum þekkja gleggst hér til og hafa kannað þessi mál út frá vitrænu og vísindalegu sjónarmiði. Um þeirra álit velkist enginn í vafa sem kynnt hefur sér málið.

Vá vímuefna hvers konar er nú mjög umrædd og ekki að ástæðulausu. Gegn þeirri vá vilja menn snúast af alefli og alvöru, en enn þá fást menn að mestu við illar afleiðingar. Fátt gerist í fyrirbyggjandi starfi enn sem komið er.

Á sama tíma og talað er um sérstakt heilbrigðisátak fram til næstu aldamóta, sem ekki hvað síst snýr að átaki og forvarnarstarfi í vímuefnamálum, er löggjafarþing Íslendinga að fjalla um leið til aukningar vandans, viðbót ofan á allt sem fyrir er og öllu hugsandi fólki þykir meira en nóg um. Þetta er í senn dapurleg og umhugsunarverð staðreynd.

Í þessu nefndaráliti kemur undirritaður á framfæri nokkrum ábendingum og álitum merkra aðila á málum þessu frv. tengdu. Skal þó aðeins örfátt talið.

Meðal þeirra aðilja, sem látið hafa í ljós álit á „bjórmálinu“, skal fyrst fræga telja, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina. — Einn framkvæmdastjóri hennar í Sviss hefur látið svo um mælt að það yrði ekki aðeins áfall fyrir Íslendinga ef áfengt öl yrði lögleyft heldur einnig fyrir áætlun stofnunarinnar um heilbrigði öllum til handa um aldamót. — Það er því í hæsta máta undarlegt, ef við ætlum að stefna að þessu marki, að byrja ferðina í átt að því með lagasetningu sem dregur mjög úr möguleikum okkar á að komast á leiðarenda.

Rétt er að minna á að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hvetur til að þjóðir dragi úr áfengisneyslu, a.m.k. um fjórðung (25%) fyrir árið 2000.

Rannsóknastofnun Ontariófylkis í vímuefnamálum (Addiction Research Foundation (ARF) of Ontario) er þekktasta stofnun sinnar tegundar í heimi og vinnur náið með Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. — Tvisvar hefur verið leitað álits þeirrar stofnunar á hverjar afleiðingar líklegast sé að samþykkt „ölfrumvarps“ hefði á Íslandi. Svörin eru ótvíræð: Neysla áfengis mun aukast og þá einnig tjónið sem af henni hlýst.

Nýlegar rannsóknir, sem gerðar hafa verið í háskólanum í Mainz í hinu mikla bjórdrykkjulandi, Þýska sambandslýðveldinu, leiða í ljós að bjórdrykkja er *skadvænlegri* fólki sem þjáist af magasári en neysla víns og brenndra drykkja, og eru slíkar veigar þó engir heilsudrykkir að flestra dómi.

En því er þessa getið hér að þeir, sem láta hafa sig til að tala eða skrifa um „hollustu“ áfengs öls vitna tíðum í Þjóðverja. Vill þá oft gleymast að bruggarar hafa í sinni þjónustu mýgrút „sérfræðinga“ sem birta það eitt sem er húsbóndanum í hag.

Öldrykkja hefur hvergi aukist meira á síðustu árum en í þróunarlöndum Afríku. Þá neyta Grænlandingar áfengis mestan part í bjór. Flestir vita hvernig ástandið í áfengismálum er þar.

Rannsóknir, sem gerðar hafa verið í Bandaríkjunum (Detroit), benda til að bein tengsl séu milli öldrykkju og neyslu sterkra vímuefna. Það kemur í rauninni heim og saman við það að vandræði vegna ólöglegra vímuefna eru hvergi í Evrópu meiri en í þeim löndum þar sem ölneysla er almennust (t.d. Danmörku, Þýskalandi og Bretlandseyjum).

Puríður Jónsdóttir félagsráðgjafi hefur bæði starfað hér á landi og í Kanada. — Hún sagði í blaðaviðtali í fyrra: „Í Halifax leitaði *yngra* fólk hjálpar en hér — vegna vímogjafaneyslu árum saman — þar var um tvær tegundir að ræða, áfengt öl og hass . . .“

Meðal þekktara erlendra sérfræðinga, sem hafa tjáð sig um tjón af völdum öldrykkju, má nefna dr. Gunnar Ågren í Stokkhólmi. Hann bendir m. a. á að hörmulegar afleiðingar barna- og unglíngadrykkju á milliölsáratugnum (1965–1977) séu enn að koma í ljós (heilaskemmdir, lifrarmein, flogaveiki).

Þeir vísindamenn íslenskir, sem gerst þekkja til þessara mála, leggjast eindregið gegn því að áfengt öl verði lögleyft hér. Má þar til nefna prófessorana dr. Tómas Helgason og dr. Þorkel Jóhannesson og Jóhannes Bergsveinsson yfirlækni. Einnig er rétt að minna á ummæli lækna Guðsteins Þengilssonar, Jóseps Blöndals, Óttars Guðmundssonar, Péturs Péturssonar og Þórarins Tyrfingssonar.

Að lokum mætti minna á eftirfarandi orð úr ræðu Vilmundar heitins Jónssonar landlæknis hér á hinu háa Alþingi þegar fyrsta ölfrumvarpið var til umræðu 1932:

„Ég verð því að segja það, að þegar verið er að brigsla um blindni í áfengismálunum, getur það ekki átt við aðra en þá, sem eru svo blindir á þá reynslu, sem við höfum fengið með öllum tilslökunum, að þeir ætla sér að bæta ástandið með því að gera eina tilslökunina enn.“

Undirritaður mun rekja ítarlega í framsögu fyrir þessu nefndaráliti þau ummæli sem vitnað er til hér á undan.

Um önnur atriði, svo sem form frumvarpsins og fleira því um líkt, áskilur undirritaður sér allan rétt til athugasemda í framsögu.

Undirritaður leggur til að frv. sem slíkt með sínum megingangangi verði fellt.

Alþingi, 16. apríl 1986.

Helgi Seljan.